

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kristín Ósk Matthíasdóttir Vatnsfjörður



Dags eftirlits	4.9.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Kristín Ósk Matthíasdóttir	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Þverá, Barðaströnd	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	220187-2849	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Kristín Ósk Matthíasdóttir	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sveinn Viðarsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í reglubundu eftirliti og engin ábending var sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Starfsleyfið tekur til landeldis á bleikju að Seftjörn 1 í Vatnsfirði. Hámark lífmassa á hverjum tíma má vera allt að 20 tonn.

Boðað umfang eftirlitsins var:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Fylgiskjöl

1. Engin opin frávik voru frá síðasta eftirliti.

2. Áhættumat 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Rekstraraðili er með nýtt starfsleyfi sem var gefið út 2. desember 2024. Farið var yfir nýja starfsleyfið með rekstraraðila. Rekstraraðili var minntur á að skila inn ársyfirliti og umhverfisupplýsingum fyrir árið 2025 fyrir 1. maí nk.

4. Mælingar fyrir árið 2025 verða skoðaðar í næsta eftirliti og útreikningar á fosfór og nitri út frá fóðri.

5. Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sem og neyðaráætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar stöðvunar reksturs er til staðar. Trygging vegna bráðamengunar er til staðar og áætlun um meðhöndlun úrgangs.

6. Stöðin lítur vel út að innan og settjörnin líka. Ekki sást til frárennslis vegna sjávarstöðu.

7. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 13.10.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir